

Sþ. 759. Tillaga til þingsályktunar [195. mál]
um framkvæmd áfengislaganna.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að nú þegar verði stöðvuð útgáfa vínveitingaleyfa, sem ekki er heimilt að veita samkv. ákvæðum 16. gr. reglugerðar nr. 126 frá 7. ágúst 1945, um sölu og veitingar áfengis, er um ræðir í lögum nr. 33 9. jan. 1935 og lögum nr. 3 4. apríl 1923.

Greinargerð.

Í 2. málsgr. 17. gr. áfengislaganna, nr. 33 frá 1935, segir svo:

„Ekkert félag manna má hafa um hönd í félagsskap áfengisveitingar né heldur má áfengisnautn fara fram í félagsherbergjum, hvort sem þau eru í húsi félagsins eða annarra, nema leyfi lögreglustjóra komi til.“

Í reglugerð nr. 126, um sölu og veitingar áfengis, sem út var gefin af fjármálaráðuneytinu 7. ágúst 1945 og enn gildir, eru nánari fyriræli um framkvæmd þeirrar heimildar, sem lögreglustjórar hafa til að gefa út vínveitingaleyfi. Ákvæðin um þetta eru í 16. grein reglugerðarinnar, sem hljóðar svo:

„Lögreglustjórar geta ekki neytt heimildar þeirrar til að leyfa, að áfengi sé um hönd haft í félagsskap, sem ræðir um í 17. gr. 2. mgr. áfengislaganna, nema í veizlum, samsætum og öðrum slíkum samkvæmum, þar sem sýnt er, að félagsskapurinn í heild eða einstakir þátttakendur í honum hafa ekki fjárhagslegan hagnað af. Slík leyfi má ekki veita skemmtifélögum.“

Ekki má heldur veita slík leyfi til vinnautnar í samkvæmum, sem haldin eru á veitingastöðum, ef ætla má, að til þeirra sé stofnað í tekjuskyni fyrir veitingahúsið.

Leyfi samkvæmt 17. gr., 2. mgr., áfengislaganna skulu vera skrifleg, og skal þess getið í þeim, hvert tilefni leyfisins sé og hvar samkvæmið verði haldið. Samrit af leyfinu skal hlutaðeigandi lögreglustjóri tafarlaust senda til fjármálaráðuneytisins.“

Um nokkurra mánaða skeið að undanförunu hefur verið allmikið rætt og ritað í blöð um útgáfu vínveitingaleyfa. Af upplýsingum, sem þar hafa komið fram, er ljóst, að við útgáfu slíkra leyfa hefur ekki verið farið eftir framangreindum fyrirælum gildandi laga og reglugerðar um þau efni. Lögreglustjórnin í Reykjavík hefur gefið út mörg vínveitingaleyfi, sem notuð hafa verið til fjáröflunar fyrir þau félög, er leyfin hafa fengið, eða til hagnaðar fyrir veitingahús, en slíkt er ekki heimilt samkvæmt reglugerðinni. Skemmtifélög hafa líka fengið vínveitingaleyfi þrátt fyrir bann reglugerðarinnar.

Vissulega hefði mátt vænta þess, að sá embættismaður, sem hér á hlut að máli, hefði tekið upp nýja starfshætti strax þegar honum var bent á það, að meðferð hans á þessum málum væri í ósamræmi við gildandi lög. Sú hefur þó ekki orðið raunin, og þess hefur ekki heldur orðið vart, að dómsmálaráðherra hafi gert ráðstafanir til leiðréttingar á þessum málum, þótt honum hafi verið tilkynnt og því fullkunnugt, að við framkvæmd þeirra hefur ekki verið farið eftir lögum.

Eins og mál þetta liggur fyrir, þykir flm. rétt að bera fram þessa þingsályktunartillögu. Er þar lagt til, að ríkisstjórninni verði falið að hlutast til um, að nú þegar verði stöðvuð útgáfa ólöglegra vínveitingaleyfa.